

Fimmtudaginn 8. júní 1995.

Nr. 286/1994.

Arndís Björnsdóttir

(Magnús Thoroddsen hrl.)

gegn

Sigurgeiri Kjartanssýni

(Pórunn Guðmundsdóttir)

og gagnsök

Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1994.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 31. ágúst 1994.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af fulltrúa dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .“. Gildir það jafnt um einkamál sem opinber mál. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
